



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/830*  
*komudagur 11.2.2009*

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar, 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.**

## **I. Almennt**

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 10. febrúar 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Umrætt frumvarp er mjög sérstakt í sniðum og er tilkoma þess og meðferð hápólitísk. Ber frumvarpið það með sér að ekki hafi verið vandað til verks. Er það miður enda um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða fyrir landsmenn alla. FÍS hefur engan áhuga á að blanda sér í þá umræðu sem lítur að flokkadráttum og einstaka persónum. Mun félagið því ekki koma með ábendingar þar um né vangaveltur um hugsanlega ágalla á formhlið frumvarpsins. Ábendingar FÍS hér að neðan einskorðast við það hvernig frumvarpið hefur áhrif á hagsmuni íslenskra fyrirtækja.

FÍS gerir ekki athugasemdir við að Seðlabankastjórum sé fækkað um tvo. Þess ber þó að geta að hæfiskröfur þessa eina bankastjóra eru nokkuð vanreifaðar í frumvarpinu og vafasamt að þær nái markmiðum sínum.

Almennt telur FÍS að umrætt frumvarp sé verulega gallað hvað varðar þá peningastefnunefnd sem lagt er til að starfrækt verði innan Seðlabankans. Leggur félagið til að frumvarpinu verði breytt í veigamiklum atriðum.

## **II. Ábendingar**

Lagt er til í frumvarpinu að peningastefnunefnd skuli taka ákvarðanir um beitingu stjórnstækja bankans í peningamálum. Fyrirhuguð peningastefnunefnd verður skv. frumvarpinu skipuð Seðlabankastjóra, tveimur starfsmönnum Seðlabankans og tveimur sérfræðingum sem ráðnir eru af Seðlabankastjóra.<sup>1</sup> Ljóst er að hlutverk þessarar nefndar er gríðarlega þýðingarmikið og hefur hún í raun framtíð þjóðarinnar í höndum sér.

Ef atburðir liðinna mánaða hafa kennt okkur eitthvað um góða stjórnsýslu þá er það að hún þarf að vera sjálfstæð, opin og fagleg. Stjórnsýslan þarf óhikað að taka réttar ákvarðanir óháð því hversu óheppilegar þær kunna að vera pólitískt eða fyrir einstaka hagsmunaaðila. Stjórnsýslan þarf einnig að hafa þor og dug til að tala sínu máli og benda á það sem henni ber að benda á án þess að þurfa að eiga það á hættu að vera refsað fyrir það með beinum eða óbeinum hætti. Með þetta til hliðsjónar þá vekur það ugg að öll nefndin sé undir boðvaldi Seðlabankastjóra. Það má t.d. spyrja; er það hafið yfir allan vafa að starfsmenn Seðlabankans og þeir sem eru ráðnir af Seðlabankastjóra muni hafa sjálfstæðar skoðanir við

<sup>1</sup> með staðfestingu Forsætisráðherra



– fyrir íslenska verslun

ákvarðanatökur? Munu þessir aðilar rengja sjónarmið yfirmanns síns og segja sína skoðun hispurslaust? Eða er það líklegra að þeir muni beygja sig undir boðvald yfirboðara síns og bergmála skoðanir hans og afstöðu til einstakra mála? Það gefur auga leið að starfsmenn eru almennt ekki líklegir til þess að standa fast á skoðunum sínum, stangist þær á við skoðanir yfirmanna þeirra. Það á jafnt við í Seðlabankanum eins og annarsstaðar. Þessi skipan mála er því mjög varhugaverð.

Að mati FÍS mun fyrirhuguð skipan peningamála þjóðarinnar ekki ná markmiðum um fagmennsku, sjálfstæði og gagnsæi. Hér er augljóslega verið að lögleiða kerfisbundinn galla í stjórnslu peningamála. Galla sem er sorglega líkur þeim sem átti þátt í því að leiða þjóðina í þær ógöngur sem hún er í.

FÍS leggur því til að skipun umræddrar nefndar verði á faglegri og sjálfstæðari nótum en lagt er til í frumvarpinu. Bendir félagið á að sem dæmi geti deildarforsetar viðskiptadeilda stóru háskólanna tveggja, HÍ og HR, átt sæti í nefndinni. Þá gæti Alþingi kosið sérfræðinga til setu í nefndinni eftir tilnefningu umboðsmanns Alþingis. Eins væri hugsanlegt að þjóðin sjálf gæti kosið einn fulltrúa í nefndina ef seta þeirra væri framlengd úr þremur í fjögur ár. Hér er auðvitað ekki um fullmótaðar tillögur að ræða. Þær sýna hins vegar glögglega að betri leiðir eru færar.

Einnig er mikilvægt að mati FÍS að tekið sé skýrt fram hvaða hæfisskilyrði nefndarmenn eigi að uppfylla. Þætti félaginu t.d. eðlilegt að a.m.k. tveir nefndarmanna hefðu doktorspróf í hagfræði. Þá væri eðlilegt að mati FÍS að nefndarmenn hefðu óflekkað mannorð og hreint sakavottorð. Í ljósi kröfu samfélagsins um sjálfstæði og lýðræði innan stjórnslunnar, sem nú gerast æ háværi, telur FÍS rétt að nefndarmenn séu ópólitískir og að tekið sé skýrt fram í lögum að þeir megi ekki hafa setið á Alþingi.

Rétt er að áréttta að þessar hugmyndir FÍS um nefnd sjálfstæðra sérfræðinga eru í takt við þær hugmyndir sem nýverið hafa komið fram hjá okkar virtustu hagfræðingum.

Vönduð og vel ígrunduð peningamálastefna er hornsteinn þeirrar endurreisnar sem fyrir stafni er. Að baki þeim stjórnækjum sem Seðlabankinn hefur þarf að vera sjálfstæður aðili sem atvinnulífið ber traust til og stjórnast aðeins af faglegum sjónarmiðum. Með fyrirhuguðu frumvarpi er ljóst að þessum markmiðum verður ekki náð.

### III. Annað

Að iokum áskiliur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna  
Netfang: [pall@fis.is](mailto:pall@fis.is)